

Gos í Eyjafjallajökli - staða 28. maí 2010 kl. 12:00.  
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Ármanni Höskuldssyni, Hjörleifi Sveinbjörnssyni, Haraldi Eiríkssyni,  
Birni Sævari Einarssyni

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar, gervihnattamyndum og jarðvísindamönnum á Eyjafjallajökli.

Gosmökkur:

Hæð: Ský hafa hulið topp fjallsins í morgunn og því ekki verið hægt að leggja mat á gosmökkinn, en í gær steig upp gufumökkur í 2,8 km hæð. Hæg ANA átt

Stefna:

Litur:

Gjóskufall: Engar tilkynningar hafa borist af öskufalli í dag.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli er frá Gígjökli.

Aðstæður á gosstað: Leiðangur Jarðvísindastofunar á Eyjafjallajökul í gær. Mæld snið í gjóskuna og gengið á barma austurgíga. Gjóska á börmum 30 til 40 m þykk.

Miklir gufumekkir standa upp úr þeim. Einstaka smáar sprengingar sem í er aska. Mikið hviss í gígum sem bendir til mikillar hvera eða afgösunarvirkni. Sáum ekki niður í botn gíga vegna gufu. Gígbarmar huldur fínni nýrri gjósku, sem nær ekki nema um 20 metra inn á barmana. Megn brennisteinsfýla á gígbörmum. Undir kl 20:45 var komið logn og mældist þá toppur gufumakkar í um 2,8 km hæð yfir sjó.

Órói: Óróinn hefur verið mjög svipaður alla vikuna, en þó má sjá í honum einstaka púlsa á lögstu tíðninni (0.5-1.0 Hz).

Jarðskjálftar: Sex skjálftar hafa mælst frá miðnætti undir eldfjallinu, en sjö skjálftar mældust þar í gær.

**GPS-aflögun:** Litlar merkjanlegar færslur á GPS stöðvum við Eyjafjallajökul.

**Heildarmat:** Lítil virkni, en hvít vatnsgufa steig frá eldstöðinni í gær upp í 2,8 km, en ský hafa hulið topp fjallsins í morgun. Á gervitunglamyndum má sjá ösku í lofti yfir Reykjanesskaga og suðvestur af landinu, en í námunda við Eyjafjallajökull hefur rigningin komið í veg fyrir uppblástur öskunnar. Haldið verður áfram að fylgjast vel með eldstöðinni.